



Til menntaráðs

Kópavogi, 12. ágúst 2026
2608671/202.00 ABS

Ágrip – Tillaga að greiningu og áætlun um notkun snjalltækja í skóla- og frístundastarfi 2026-2030

Á fundi menntaráðs 18. ágúst 2026 er lögð fram til samþykktar tillaga að greiningu og áætlun um notkun snjalltækja í skóla- og frístundastarfi 2026-2030. Tillögunni fylgir greinargerð til nánari lýsingar á verkefninu og skilgreiningu á helstu hugtökum.

Með tillögunni er menntasviði falið að vinna að gerð áætlunar í náinni samvinnu og samráði við skólasamfélagið. Lögð verður áhersla á að hagaðilar, s.s. starfsfólk, nemendur og foreldrar fái tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og tekið verði mið af því samráði við gerð áætlunarinnar. Jafnframt verður stofnaður stýrihópur sem hefur það hlutverk að taka afstöðu til tillagna og meta áætlunina, áður en hún er lögð fyrir menntaráð til samþykktar.

Virðingarfyllt,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

